



Hreppsnefnd 07.04.05

Hreppsnefndarfundur haldinn fimmtudaginn 7. apríl 2005 kl. 16.00 í félagsheimilinu Miklagarði. Mættir Aðalbjörn Björnsson, Auður Jónsdóttir, Ellert Árnason, Halldóra Sigríður Árnadóttir, Borghildur Sverrisdóttir, Emil Sigurjónsson og Björn H. Sigurbjörnsson.

Jafnframt var mættur sveitarstjóri, Þorsteinn Steinsson og ritaði hann fundargerð.

Fyrir tekið:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 16. mars sl.

Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 16. mars sl.

Fundargerðin samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

2. mál Fundargerð menningarmálanefndar frá 14. mars sl.

Lögð fram fundargerð menningarmálanefndar frá 14. apríl sl.

Sveitarstjóri kvaddi sér hljóðs og lagði til að mælt yrði með því að menningarmálanefnd yrði falið að mynda starfshóp er myndi skipuleggja hátíðarhöld í tengslum við sjómannadaginn. Í hópnum verði fulltrúar Vopnafjarðarhrepps, HB Granda og Björgunarsveitarinnar.

Hreppsnefnd tekur undir þessa hugmynd.

3. mál. Fundargerð stjórnar Arnarvatns frá 4. apríl sl.

Sveitarstjóri og oddviti gerðu grein fyrir fundargerðinni, hugmyndum um breytt rekstrarfyrirkomulag, endurbætur o.fl. Fram kom í máli þeirra að m.a. hefur verið auglýst eftir rekstraraðila fyrir hótelið og jafnframt að áætlað er að endurbótum verði lokið í júní.

Mikil umræða var um fundargerðina þar sem fundarmenn lýstu sjónarmiðum sínum.

4. mál Nefnd um sameiningu sveitarfélaga, lokatillögur nefndarinnar skv. bréfi dags. 31. mars sl.- skipan tveggja fulltrúa í samstarfsnefnd.

Lagt fram bréf nefndar um sameiningu sveitarfélaga frá 31. mars sl., ásamt lokatillögum

nefndarinnar um sameiningu sveitarfélaga. Samkvæmt tillögum er við það miðað að Vopnafjarðarhreppur og Skeggjastaðahreppur kjósi um sameiningu sveitarfélaganna laugardaginn 8. október nk. Til undirbúnings kosningunum skulu sveitarfélögin hvort fyrir sig tilnefna tvo fulltrúa í samstarfsnefnd, sem annast atkvæðagreiðslu um tillöguna og gerð kynningarefnis um áhrif hugsanlegrar sameiningar.

Samstarfsnefndin skal koma saman eins fljótt og auðið er til að taka ákvörðum um kjördag og tilkynna félagsmálaráðuneytinu um niðurstöðu sína eigi síðar en 20. maí 2005.

Samkvæmt 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis IV telst sameining sveitarfélaga samþykkt ef sameiningartillaga hlýtur samþykki íbúa í öllum sveitarfélögum sem tillagan varðar og öðlast hún þá gildi 9. júní 2006, nema sveitarstjórnir ákveði aðra dagsetningu í samráði við félagsmálaráðuneytið. Sveitarstjórn hins nýja sveitarfélags verður kjörin 15. dögum áður, eða laugardaginn 27. maí 2006. Töluverðar umræður áttu sér stað um fyrirliggjandi tillögur sameiningarnefndarinnar.

Hér er lagt til að fulltrúar Vopnafjarðarhrepps í samstarfsnefndina verði oddviti og varaoddviti Vopnafjarðarhrepps.

Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

5. mál. Afrit af bréfi nefndar um tekjustofna sveitarfélaga frá 17. mars sl., varðandi niðurstöður nefndarinnar.

Lagt fram til kynningar afrit af bréfi tekjustofnanefndar sveitarfélaga dags. 17. mars sl.

6. mál. Brunamál, samstarfssamningur

Björn H. Sigurbjörnsson vék af fundi.

Lögð fram drög að samstarfssamningi um brunavarnir milli sveitarfélaganna Vopnafjarðarhrepps, Skeggjastaðahrepps, Þórshafnarhrepps og Svalbarðshrepps. Allt frá árinu 1999 hefur verið í gangi samstarf um brunavarnir við sveitarfélögin norðan Vopnafjarðar. Í raun er hér um að ræða framlengingu þess samstarfs á nokkuð nýjum forsendum.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir fyrirbyggjandi samningsdrög og felur sveitarstjóra að undirrita þau. Jafnframt skipar hreppsnefnd sveitarstjóra, Þorstein Steinsson, sem fulltrúa sinn í brunavörnum svæðisins.

Samþykkt með 4 atkvæðum, 2 sátu hjá.

Björn H. Sigurbjörnsson mætti aftur á fundinn.

7. mál. Samstarfssamningar um menningarmál á Austurlandi, undirritaðir 15. mars sl.

Lagður fram samningur sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál. Jafnframt samningur um menningarmál milli ríkis og sveitarfélaga um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps staðfestir samningana fyrir sitt leyti.

8. mál Breytingar á gjaldskrá RARIK

Lagðir fram útreikningar sveitarstjóra á breytingum á gjaldskrá RARIK, Þar kemur fram að kostnaður á kwh lækkar úr 8,13 kr. í 5,86 kr./kwh eða um 27,9 %, en hitunartaxti hækkar miðað við fulla niðurgreiðslu úr 2,53 kr. í 3,14 kr./kwh eða um 24,1 % Ennfremur lækkar þak á niðurgreiðslum þannig að samkvæmt nýrri gjaldskrá er greitt niður upp að 35.000 kwh markinu en var áður allt að 50.000 kwh. Hér munar vissulega miklu.

Lögð fram svofelld tillaga:

“Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps mótmælir þessari hækkun á húshitunarkostnaði á svokölluðum “köldum svæðum” og hvetur stjórnvöld til þess að finna leið til þess að jafna þennan kostnað á landsvísu.”

Samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

9. mál Aðalfundur HB Granda, aðalfundur 15. apríl nk.

Hreppsnefnd samþykkir að fulltrúi Vopnafjarðarhrepps á aðalfundi HB Granda verði sveitarstjóri, fari hann með atkvæði Vopnafjarðarhrepps og fyrirtækja, sem eru handhafar hlutafjár í HB Granda, á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.